

[Type text]

Sjúkrahúsið á Akureyri

ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI



Akureyri 24.04.2014

Til velferðarnefndar Alþingis

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 143/1661

komudagur 24.4.2014

Umsögn Stjórnar hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. Þingskjal 630 — 335. mál.

Stjórn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri þakkar umsagnarbeiðnina. Við teljum að umrædd þingsályktunartillaga sé af hinu góða og nauðsynlegt að vímuefnaneytendur fái viðeigandi úrlausn sinna mála og að markvisst sé tekið á þeirra heilsufarsvanda. Einnig er mikilvægt að efla rannsóknir og upplýsta umræðu um vímuefni, afleiðingar neyslu þeirra og vinna að stefnumótun í málaflokknum. Ekki má þar undan skilja misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja en sá vandi er alltaf að aukast. Við styðjum því að nefnd verði skipuð með það fyrir augum að efla vímuefnavarnir og minnka skaðlegar afleiðingar af neyslu hvers kyns vímuefna.

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri

Heiða Hringsdóttir

formaður hjúkrunarráðs

Sjúkrahúsið á Akureyri

Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri

gsm, 8464274, s. 4661401

heidah@fsa.is